

KIRKJUGARÐARÁÐ

**33. fundur haldinn laugardaginn 6. ágúst 2005 kl. 10:00
á Hotel Hafnia í Færeyjum.**

Mætt voru: Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup, Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson og Kristín Huld Sigurðardóttir. Þórsteinn Ragnarsson var fjarverandi.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 10:00.

2. Fundargerð síðasta fundar

Um var að ræða stuttan undirbúningsfund vegna Færeyjaferðar. Ekki fjallað sérstaklega um fundargerð.

3. Undirbúningsnefnd um siðareglur um starfsemi útfararþjónustu og kirkjugarða

Þórsteinn Ragnarsson, Einar Sigurbjörnsson og Kristján Valur Ingólfsson hafa verið settir í nefndina og hefur hún haldið einn fund. Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta fundar og fá Þórstein til að kynna stöðu mála.

4. Reglur um kistur o.fl. (gildistaka 1. október n.k.)

Biskup kynnti umfjöllun undanfarið um reglugerðina, en 7. gr. reglugerðarinnar hefur vakið harða umræðu. Útfararstofur komu að undirbúningi á fyrri stigum málsins. Lagt var fram bréf frá Þórsteini Ragnarssyni til biskups þar fram kemur að 7. gr. eins og hún er nú í reglugerðinni er ekki í samræmi við þá breytingu sem Þórsteinn mæltist til við ráðuneytið að gerð yrði á lokadrögum frá 11. febrúar. Breytingartillaga Þórsteins var eftirfarandi:

„Sá aðili sem annast frágang líks í kistu skal láta lækni vita, ef álitid er að gangráður hafi ekki verið fjarlægður úr hinum látna. Þá ber þeim er annast útfararþjónustu einnig að tryggja að öll efni, s.s. plast eða aðrir hlutir, séu fjarlægðir úr kistunni til að koma í veg fyrir sprengihættu við líkbrennslu og mengun við líkbrennslu eða greftrun.“

Einhverra hluta vegna komst þessi tillaga ekki inn í reglugerðina. Kirkjugarðaráð fjallaði um reglugerðina og bréf Þórsteins og er sammála um að breyta þurfi 7. gr. í samræmi við tillögu Þórsteins (sbr. bréf Þórsteins Ragnarssonar til biskups frá 2.8. 2005). Lögð var fram tillaga um að senda ráðuneytinu bókunina og var formanni og framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs falið að ganga frá málinu.

5. Samskipti kirkjugarða og sveitarfélaga

Valtýr gerði grein fyrir stöðu mála. Ramminn um samkomulag um greiðslur er nokkuð klár. Málið hefur tafist nokkuð, m.a. vegna anna hjá lögfræðingum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamningamála. Það sem upp á vantar er að ljúka samkomulagi um nokkra þætti, svo sem viðmið sem hægt væri að ganga út frá varðandi val á girðingaefni og kostnað við að girða; hvernig land skuli búið til greftrunar og efnisval í kirkjugarða og stígagerð. Í samkomulaginu verður gert ráð fyrir að sveitarfélögin verði með frá upphafi og taki þennan þátt með inn í fjárhagsáætlun sína. Skyldur sveitarfélaganna skv. lögum eru eftirfarandi (61. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga): landsvæði, efni í girðingu um kirkjugarð, lagning vegna að kirkjum sem ekki eru í kirkjugarði, efni í stíga innan kirkjugarðs og vatn til vökvunar skal í té látið. Sveitarfélögin leggja mikla áherslu á samráð við ákvarðanatöku vegna framkvæmda, þegar þau eiga að bera kostnað vegna framkvæmda. Það er mikilvægt fyrir sveitarfélögin að fyrirvari sé hæfilegur og að áætlanir falli að kostnaðar-áætlunum sveitarfélaganna.

Fjallað var um deiliskipulagningu kirkjugarða. Biskup bar fram þá tillögu að Kirkjugarðaráð og Kirkjuráð gengju til samvinnu við landeigendur um deiliskipulag kirkjugarðanna. Fól Kirkjugarðaráð framkvæmdastjóra að senda erindi til Kirkjuráðs í samvinnu við formann um samvinnu á þessu sviði.

6. Staða kirkjugarðsmála eftir lagabreytingar frá 1. janúar 2005

Frestað til næsta fundar.

7. Stuttur samanburður á þjóðminjalögum og lögum um kirkjugarða

Kristín gerði grein fyrir að unnið væri að stefnumörkun varðandi fornleifavernd á Íslandi og að unnið væri að breytingu á þjóðminjalögum nr. 107/2001. Hún tók nokkur dæmi um ósamræmi í þjóðminjalögum og lögum um kirkjugarða, og einnig dæmi úr þjóðminjalögum þar sem eðlilegt mætti teljast að biskup ætti sterkari aðkomu.

8. Önnur mál

- a) Biskup kynnti hugmyndir KEA sem vinnur að því að greiða fyrir flutningi opinberra stofnana út á land. Hann kynnti tillögu um að skipta Kirkjugarðasjóði þannig að til verði Norðausturlandsdeild sem hefði aðsetur á Norðausturlandi (Hólabiskupsdæmi). Gert væri ráð fyrir að þar yrði starfsmaður sem héldi utan um kirkjugarða þess svæðis og að vígslubiskup yrði þar jafnframt með aðstöðu. Tillagan lýtur að því að samnýta aðila sem hefðu eftirlit með kirkjugörðum og prestssetrum. Valtýr bar fram tillögu um að Guðmundi Rafni yrði falið að kanna hvaða verkefni væri hægt að færa út á land og hvað myndi sparast við þetta. Guðmundur vakti athygli á að grunnvinna þeirra Sigurgeirs væri komin í góðan farveg og óskaði eftir að sú vinna eyðilegðist ekki ef að breytingunum yrði.
- b) Stefnt var að því að septemberfundurinn yrði ferðalag um Suðurland.
- c) Smári vakti athygli á óvissuatriði í lögum um kirkjugarða sem lýtur að greiðslu vegna kistulagningar/minningarathafnar og því að kastað sé rekum á einum stað og síðan að kastað sé aftur rekum þar sem úförlin fer fram. Hvor presturinn

jarðsyngur og á rétt á greiðslu frá kirkjugarði? Biskup nefndi að það þyrfti að útbúa reglur um þennan þátt.

- d) Lagt var fram bréf sem Prestafélagið skrifaði dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, þar sem kvartað er vegna 12 km. reglunnar. Hjalti Zóphóniasson óskaði eftir umsögn um bréfið og var ákveðið að fresta henni til næsta fundar, þar sem Þórsteinn fulltrúi okkar gæti upplýst um efnið.

9. Fundur Kirkjugarðaráðs með Færeyingum laugardaginn 6. ágúst 2005 á Hotel Hafnia í Færejum. Fundurinn hófst kl. 14:30 og lauk kl. 18:00.

Dagskrá:

1. Ávarp biskups Íslands, kynning á íslensku kirkjunni. Auk sögulegs yfirlits fjallaði biskup um stefnumörkunarvinnu kirkjunnar árið 2004 og samvinnuverkefni um fjölskylduna og heimilið.
2. Kynning á málefnum kirkjugarða á Íslandi og Kirkjugarðaráði (Guðmundur Rafn Sigurðsson).
3. Hlé.
4. Kynningarmynd frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (Kristín Huld).
5. Kynning á Kirkjugarðasambandi Íslands. Guðmundur Rafn kynnti kirkjugarðasambandið og sagði frá ráðstefnunni sem verður í lok ágúst og kynnti einnig gjaldamódelið.
6. Kaffihlé.
7. Smári Sigurðsson var með kynningu á *garður.is*, söfnun legstaðaskráa og hvernig unnið var að því að koma upplýsingunum á netið. Hann nefndi að með lagabreytingunni 1. jan. sl. væri í fyrsta sinn í lögum skylt að skrá upplýsingar um látna á vefinn.

María þakkaði fyrir, fyrir hönd Færeyinga. Í máli hennar og annarra þátttakenda kom í ljós að samvinnan væri ekki eins mikil hjá þeim og okkur. Skipulag kirkjugarða liggur þar hjá sveitarfélögum.

Anne Sofie Eklund þakkaði fyrir fyrirlestrana og var einstaklega hrifin af skráningarvinnunni sem hún óttaðist þó að væri dýr. Hún ætlaði að kynna umræðurnar á fundinum fyrir stjórnámálönnum í sveitarfélaginu. Hermann útfararstjóri sagði frá starfi sínu. Hann er eini útfararstjórinn í Færejum. Mál sem hann hefur leyst undanfarið er að fá lík flutt í pokum milli landa í stað málmkistna. Hann lýsti einnig miklum áhuga á skráningarvinnunni vegna *garður.is*.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari